



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við vígslu menningarhússins Bergs
Dalvík
5. ágúst 2009**

Heiðraða samkoma,

Samtök fólksins, stofnanir og félagsskapur heimamanna hafa um langan aldur skapað sóknarvettvang í byggðum landsins, myndað rætur og máttarstólpa sem staðið hafa af sér alla storma.

Samhugur íbúanna hefur verið hreyfiafl til nýrrar sóknar, fyrst frá fátækt til bjargálna og síðan á liðinni öld leiðarstef á sérhverju skeiði, sá andi sem mótaði framfararnir og það Ísland sem við fengum í arf.

Svarfaðardalur og eyfirskar sveitir, sjávarþorpin sem uxu hér við fjörðinn og urðu öflug bæjarfélög, eru rík af þessari sögu.

Hér voru rætur samvinnufélaganna; á sínum tíma burðarásar í atvinnulífi og framfararsókn Íslendinga.

Hér uxu ungmennafélögin úr grasi; fjöldahreyfing sem nýlega hélt norðan heiða glæsilegasta landsmót frá upphafi vega.

Hér voru öflugir sjósóknarar sem nýttu sér miðin og byggðu með dugnaði fjölpættan sjávarútveg og vinnslu sem nú er þjóðinni áminning og hvatning um hvað hægt er að gera þótt blási í mót.

Hér voru landsþekktir bændur og kennimenn, prestar og hagrýðingar, skáld og fræðapulir sem ræktuðu jörðina, nytjuðu landið en sinntu um leið andans málum, sáu í menningunni fjársjóð sem var í senn arfur aldanna og uppspretta nýsköpunar.

Og hér erum við nú saman komin vegna þess að allt þetta góða fólk, þúsundirnar sem héldu tryggð við heimahaga, átti sér draum um fagra framtíð, hélt tryggð við hugsjónirnar sem löngum hafa verið leiðarljós þessara byggða.

Þegar Sparisjóður Svarfdæla tók þá myndarlegu ákvörðun fyrir nokkrum árum að verja verulegum fjármunum til að færa íbúunum glæsilegt menningarhús var hún fyllilega í anda þeirrar samfélagssýnar sem svo lengi hefur einkennt Svarfaðardalinn, allt frá upphafsárum baráttunnar fyrir sjálfstæði og fullum rétti og til okkar daga.

Það var býsna fjarlægur draumur þegar Kristján Eldjárn var enn að leik í túnfætinum á Tjörn að hér risi svo fögur menningarhöll, heimkynni bókasafnsins, musteri tóna og mynda, ljóða og sagna, hollrar samveru; alls þess sem gefur lífi okkar æðra gildi, veitir gleði, gefur nýja sýn á tilveruna, okkur sjálf og náttúruna, þjóðlífið og veröld alla.

Vígslan hér í dag er vitnisburður um að þrátt fyrir mótbyr um þessar mundir, áföllin sem víða skapa mikla erfiðleika, þunga bagga sem margir bera, er viðspyrnan í byggðum landsins áfram sterk; sóknarhugur og samstaða enn að lyfta Grettistökum.

Á ferðum mínum um Dalvík, Ólafsfjörð, Siglufjörð og fleiri byggðir síðla vetrar skynjaði ég kraftinn í atvinnulífi, skólastarfi og félagsskap heimamanna, hve mikilvægt framlag ykkar til hins nýja Íslands gæti orðið.

Þá var þetta glæsilega hús enn í smíðum; fyrirheitin um hve fagurt það yrði víða falin í handverkinu.

Nú fögnum við því fullgerðu hér í dag, salarkynnum með fjallasýn, samspil við náttúruna og byggðarlagið. Um leið þakka ég ykkur heimamönnum, forystusveit og félögum í Sparisjóði Svarfdæla, stjórnendum og starfsfólki bæjarins, arkitekt, hönnuðum, verktökum og iðnaðarmönnum öllum fyrir framlag ykkar.

Menningarhúsið Berg á Dalvík er glæsilegur áfangi fyrir mannlífið í byggðum Eyjafjarðar en í því felast líka mikilvæg skilaboð til Íslendinga allra, hvatning um að hugsa þrátt fyrir tímabundna erfiðleika með metnaði til framtíðar.

Athöfnin hér í dag, húsið sjálft og vegleg dagskrá á komandi tímum eru áminning til þjóðarinnar um að saman getum við svo sannarlega reist nýtt Ísland, sótt áráðni í sögu og menningu fyrri alda en líka til bókmennta og listsköpunar á okkar tíð, þess gróandi menningarlífs sem iðar á hverju ári, ekki síst fyrir kraftinn í unga fólkinu, nýrri kynslóð sem er fjölmenntaðri en hinar fyrri, hefur heiminn allan að vettvangi lærdóms og starfa en þarf líka að eiga sér djúpar rætur á heimaslóð.

Menningarhúsið er einmitt gróðrarvin slíkra róta – mun á komandi árum taka fagnandi á móti æskufólki Dalvíkur og Svarfaðardalsins, opna því nýja sýn á tilveruna, úrval hins besta og hlúa þannig að áttahagatryggð

og skapandi heimssýn, leyfa ungu fólki að gleðjast yfir því að eiga hér samleið með kynslóðunum sem byggðarlagið hefur fóstað.

Þetta hús er glæsileg yfirlýsing, fyrirheit um framtíðina.

Ég óska ykkur, heimamönnum, til hamingju með Menningarhúsið Berg og þakka ykkur fyrir að vísa okkur öllum, þjóðinni, þannig veginn til hins nýja Íslands.